

Borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur

101 Reykjavík.

17. október 2017.

Efni: Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um viðbrögð við ábendingar Heilbrigðiseftirlitsins

Hinn 20. júlí s.l. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn í borgarráði:

BORGARRÁÐ 20.7.2017: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um viðbrögð við ábendingar Heilbrigðiseftirlitsins - R17070105

Óskað er eftir að tekið verði saman í heildaryfirlit þær ábendingar, tillögur, kynningar sem heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur sent frá sér eða bent á í umhverfis- og skipulagsráði, eða beint til borgarráðs og borgarstjórnar og hvernig meðhöndlunin hefur verið á þeim ábendingum, tillögum og kynningum. Miðað skal við tímabilið frá 16. júní 2014, eða upphafi kjörtímabilsins.

Svar:

Við leit í skjalasafni borgarinnar fundust þrjú erindi og kynningar, sem borgarráði og umhverfis- og skipulagsráði hafa verið send frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

1. Bókun um gæluðyrhald og löggjöf um gæluðyrhald er varðar heilbrigðisnefndir sveitarfélaga dags. 20. júní 2017. Heilbrigðisnefnd afturkallaði þetta erindi.
2. Kynning á aðkomu Heilbrigðiseftirlitsins vegna hávaða frá framkvæmdum í íbúðarbyggð og miðsvæðum fyrir umhverfis- og skipulagsráð. Kynningin fór fram á fundi ráðsins 22. janúar 2015.
3. Kynntar niðurstöður Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur varðandi vöktun strandsjávar árið 2015. Jafnframt var rætt um verkefni sem eru í gangi vegna rangra tenginga á fráveitulögnum. Kynningin fór fram á fundi ráðsins 27. apríl 2016.

Örn Sigurðsson, skrifstofustjóri.

**Umhverfis og skipulagsráð
fundur 22.01.2015**

11.	Hávaði frá framkvæmdum í íbúðabyggð og miðsvæðum., kynning		Mál nr. US150015
-----	---	--	------------------

Lagt fram erindi frá Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur þar sem óskað er eftir að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur kynni aðkomu HER vegna hávaða frá framkvæmdum í íbúðarbyggð og miðsvæðum fyrir umhverfis- og skipulagsráði.
Kynnt.

Rósa Magnúsdóttir deildarstjóri og Ólöf Vilbergsdóttir heilbrigðisfulltrúi sitja fundinn undir þessum lið.

Fundur 27.04.2016

3.	Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Vöktun strandsjávar í Reykjavík árið 2015.		Mál nr. US160113
----	--	--	------------------

Kynntar niðurstöður Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur varðandi vöktun strandsjávar í Reykjavík árið 2015 og þær bornar saman við árlegar mælingar allt frá árinu 2003.
Einnig verður rætt um verkefni sem eru í gangi vegna rangra tenginga á fráveitulögnum.
Kynnt.

Kristín Lóa Ólafsdóttir og Svava S. Steinarsdóttir verkefnastjórar taka sæti á fundinum undir þessum lið.



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK

Mástr.: R17060184
Skjalasafn Ráðhúss
23. júní 2017
Bréfalýkill: 2445

Reykjavík, 20. júní 2017
Tilvísun: 2017010252/0.7

Efni: Gæludýrahald og löggjöf um gæludýrahald er varðar heilbrigðisnefndir sveitarfélaga


Á 117. fundi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur þann 16. júní 2017 var undir 5. máli á dagskrá eftirfarandi lagt fram og bókað:

Gæludýrahald og löggjöf um gæludýrahald er varðar heilbrigðisnefndir sveitarfélaga. Samþykkt.

Heilbrigðisnefnd leggur fram svohljóðandi bókun:

Á undanförunum árum hefur gæludýrahald aukist í Reykjavíkurborg auk þess sem kröfur um velferð dýra hafa aukist. Samkvæmt lögum um velferð dýra. nr. 55/2013 og reglugerð um velferð gæludýra nr. 80/2016 hvíla ákveðnar skyldur á sveitarfélögum s.s. vegna geymslu á handsömuðum dýrum. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur telur brýnt að Reykjavíkurborg bregðist við þessum skyldum. Mikilvægt er einnig að umhverfis- og auðlindaráðuneytið flýti endurskoðun reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 hvað varðar ákvæði um gæludýr þannig að hægt sé að fara í endurskoðun heilbrigðissamþykktar nefndarinnar er varða dýr og dýrahald. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hvetur jafnframt Borgarráð að hrinda af stað samræmingu og endurskoðun á málaflokknum með velferð dýra og hollustuhætti borgarbúa að leiðarljósi.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Björgvin Rafn Sigurðarson, hdl



heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartún 12-14
105 Reykjavík